



- ▶ **Sækja verður um byggingarleyfi:** þegar verið er að reisa ný hús, endurbyggja hús, byggja við hús eða breyta þeim.
- ▶ Forsendur þess að tekið sé við umsókn um byggingarleyfi er að umsækjandi sé lóðarhafi, húseigandi eða umboðsmaður hans, að hönnuðir hafi löggildingu og fullnægjandi starfsábyrgðartryggingu, að umsóknareyðublaðið sé rétt útfyllt, að gátlisti sé rétt útfylltur, að öll önnur gögn uppfylli ákvæði byggingarreglugerðar eftir því sem við á og að tilskilið lágmarksgjald sé greitt. Ef umsókn uppfyllir þessi skilyrði er ferillinn:
1. Tekið er við umsókn hjá byggingarfulltrúa.
 2. Umsókn skráð í gagnagrunn byggingarfulltrúa.
 3. Umsókn yfirfarin af starfsmönnum byggingarfulltrúa og gengið úr skugga um að hún uppfylli ákvæði skipulags- og byggingarlaga, byggingarreglugerðar, skipulagsskilmála og annarra laga og reglna er málið varða.
 4. Umsóknaraðilar, þ.e. skipulagsfulltrúi, Umhverfis- og heilbrigðisstofa, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Orkuveita Reykjavíkur, Gatnamalastofa, Vinnueftirlit ríkisins og Reykjavíkurhöfn, gera hið sama eftir því sem við á.
 5. Eftir yfirferð starfsmanna og umsóknaraðila er umsókn lögð fyrir afgreiðslufund byggingarfulltrúa, sem afgreiðir allar umsóknir nema þær sem lúta að nýbyggingum, það gerir skipulagsráðs.
 6. Eftir afgreiðslufund byggingarfulltrúa eða skipulagsráðs fá umsækjendur tilkynningu um afgreiðslu málsins með rökstuðningi ef umsókn er ekki samþykkt.
 7. Ef umsókn er samþykkt er hún send borgarstjórn til staðfestingar. Borgarstjórn fundar 1. og 3. þriðjudag hvers mánaðar og geta því liðið að hámarki 14 dagar frá afgreiðslu byggingarfulltrúa á þriðjudegi til framlagningar í borgarstjórn.
 8. Þegar borgarstjórn hefur staðfest umsóknina gefur byggingarfulltrúi út formlegt byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum og geta þá framkvæmdir hafist. Skilyrðin eru að byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld, s.s. gatnagerðar-, bílastæða- og úttektargjöld hafi verið greidd skv. reglum eða samið um greiðslu þeirra, byggingarstjóri hafi undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína á framkvæmdinni, iðnmeistarar hafi staðfest ábyrgð sína á viðkomandi verkþáttum og að tilskyldum séruppdráttum hafi verið skilað til embættisins og þeir áritaðir.
- ▶ Ef umsókn er synjað getur umsækjandi kært niðurstöðu til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála og leiðbeinir byggingarfulltrúi um kæruleið og kærufrest. Úrskurður nefndarinnar er fullnaðarúrskurður á stjórnarsýslusviði. Kvörtunum um þjónustu vegna afgreiðslu umsóknar er hægt að koma á framfæri bréflaga við byggingarfulltrúa og á netfangið: byggingarfulltrui@rvk.is

▶ Upplýsingar

Sótt er um byggingarleyfi á stöðluðu umsóknareyðublaði til afgreiðslu byggingarfulltrúa, skipulagssviði Reykjavíkur, Borgartún 3, 105 Reykjavík, sími 411 3000, netfang byggingarfulltrui@rvk.is. Afgreiðslan er opin frá 10:00 – 16:15. Auk þess er hægt að sækja um í gegnum heimasíðu sviðsins, www.skipbygg.is. Fyrirspurnir um byggingarleyfi, það er hvort að leyfi komi til greina, eru jafnframt sendar til byggingarfulltrúa. Við framlagninu umsóknar um byggingarleyfi skal greiða tilskilið lágmarksgjald, nú 5.400 kr.

Umsóknareyðublaðin liggja jafnframt frammi í upplýsingaskála sviðsins. Umsókn þarf að skila viku fyrir afgreiðslufund byggingarfulltrúa sem er haldinn hvern þriðjudag. Ef umsókn er ófullnægjandi og þarf að lagfæra hana fær hún sömu málsmeðferð og ný umsókn og þarf að skila viku fyrir fund byggingarfulltrúa.

Til þess að tekið sé við umsókn um byggingarleyfi þarf að fylla það út á ákveðinn hátt. A heimasíðu og hjá byggingarfulltrúa eru leiðbeiningar um útfyllingu á umsóknareyðublaði og gátlisti um hvað þarf að vera á umsóknarblaði og með því til þess að tekið verði við umsókn.

Aðaluppdrættir og fylgiskjöl í samræmi við upptalningu á umsóknareyðublaðinu og vandlega útfylltur gátlisti verða að fylgja með umsóknareyðublaðinu. Ef umsókn uppfyllir ekki þessi skilyrði er ekki tekið við henni. Auk þess verða öll önnur gögn að uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar eftir því sem við á og tilskilið lágmarksgjald greitt.

Starfsmenn í afgreiðslu byggingarfulltrúa og í upplýsingaskála gefa upplýsingar um afgreiðslu umsókna en þær er jafnframt hægt að nálgast á heimasíðu sviðs. Starfsmaður tekur við kvörtunum vegna þjónustu við afgreiðslu byggingarleyfisumsókna.